



### Erindi Foreldrafélags Hafnarfjarðar, öryggi barna í frístundarakstri Strætó bs dags 27. maí 2013

Minnisblað / HS

#### Fyrirspurn Foreldrafélags Hafnarfjarðar varðandi frístundarakstur:

- Foreldraráð óskar eftir að sjá tölur um fjölda farþega í Hafnarfirði sem nota strætó, skipt eftir aldri þ.e. börn, ungmenni og fullorðnir sem og tölur um kaup á kortum.
- Hefur orðið fjölgun á notendum strætó í aldurshópnum börn annars vegar og ungmenni hins vegar?
- Eru börn sem áður voru í Frístundabílnum farin að taka strætó?
- Hefur Strætó bs. eða Hafnarfjarðarbær hug á að senda skoðanakönnun til foreldra barna í grunnskólum bæjarins, til að kanna viðhorf þeirra til frístundaaksturs og kalla eftir upplýsingum um hvernig frístundaaksturinn gangi í augum foreldra og barna þeirra?

Varðandi 1. og 2. lið þá er vísað til svars Strætó bs í minnisblaði þeirra frá 8.júlí 2013.

Hafnarfjarðarbær hefur ekki kannað sérstaklega hvort börn sem voru áður í Frístundabílnum fari með Strætó núna en miðað við þá farþegafjölgun sem verið hefur í Strætó síðasta árið má leiða að því líkur að farþegar sem áður voru í Frístundabílnum noti Strætó.

Ekki hefur verið ákveðið að gera könnun varðandi frístundaraksturinn en auðvelt er að framkvæma slíka könnun í gegnum Mentor.

#### Fyrirspurn Foreldrafélags Hafnarfjarðar varðandi þjónustufulltrúa:

Foreldraráði hafa borist tilkynningar um að börn virðast hrædd við starfsmenn strætó og leita frekar til unglinga sem eru í vagninum eftir leiðbeiningum heldur en starfsmanna. Í ljósi þessa óskar Foreldraráð eftir nánari upplýsingum um:

- Hvaða aldur er á starfsmönnum?
- Hvaða þjálfun hljóta þeir?
- Hvernig er starfsmaður kynntur fyrir foreldrum og börnum?
- Hvaða ferli fer í gang þegar kvörtun berst frá notendum þjónustunnar?

Þjónustufulltrúarnir sem voru ráðnir síðasta haust voru á aldrinum 22 -42 ára.

Farið var með starfsmennina í heimsókn til Strætó þar sem þeim var kynnt starfsemi Strætó. Einnig var rætt við þá hér á framkvæmdasviði varðandi fyrirkomulag vinnunar og ábyrgð. Jafnframt var rætt við starfsmenn yfir tímabilið varðandi hvernig gengi og hvað mætti betur fara.

Í upphaf verkefnisins var það kynnt bæði í auglýsingum og í Fjarðarpóstinum að þjónustufulltrúi yrði í Strætó. Starfsmanninum var ætlað að vera í gulu vesti og sitja fremst í bílum þannig að hann gæti fylgst með og hlustað á börnin sem kæmu inn í vagninn. Vagnstjórinn var einnig meðvitaður um veru þjónustufulltrúans í vagninum og vísaði börnun á hann ef þeim vantaði frekari hjálp



Mjög lítið barst af kvörtunum. Varðandi þær kvartanir sem bárust þá var rætt við þjónustufulltrúana um þær og fundin leið til að bæta úr þeim.

Varðandi það að fækka eigi strætó leiðum um bæinn þá eru ekki fyrirhugaðar neinar breytingar á leiðarkerfinu aðrar en þær að verið er að skoða að tengja Hrafnistu aftur við leiðarkerfið.

Stefna bæjarins er að reka gott leiðarkerfi sem tryggji gott aðgengi barna að íþróttum og tómstundum sem og ferðir annar farþega um bærinn. Hafnarfjarðarbær tekur undir orð Foreldrafélagsins þar um.